

Miðvikudaginn 19. apríl 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Melabraut 17, Hafnarfirði.

Fyrir var tekið mál nr. 2/2021.

HRFÍ

gegn

XXX

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 26. febrúar 2021 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærði XXX hafi gerst brotlegur við reglur um ættbókarskráningu og sýningarreglur HRFÍ. Við skráningu á hvolpum fæddum 05. júlí 2020 með því að skrá Miniature Bulterrier tíkina AA sem undaneldistík á pörunarvottorðinu ásamt því að skrá tíkina á tvær sýningar félagsins. Miniature Bulterrier tíkin AA var send úr landi þegar hún var í einangrun. Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er XXX

Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 12. mars 2021 og honum gefinn fjögurra vikna andmælafrestur. Kærði svaraði efnislega ásamt því að mæta á fund siðanefndar þann 19. apríl 2023. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að skrá Miniature Bulterrier tíkina AA sem undaneldistík á got fædd 05. júlí 2020 ásamt að skrá viðkomandi tík á tvær sýningar félagsins þar sem önnur tík af sömu tegund mætti í hennar stað.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn:

Stunda ræktun af alvöru og ábyrgð og láta í té réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf. Vera trúr ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn og ef því er að skipta, ákvæði varðandi vinnu- eða veiðipróf, sem í gildi eru fyrir það hundakyn sem hann ræktar.

IV. Niðurstaða

Kærði telst hafa gerst brotlegur við 1.3 gr. og 2.2 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn sem hann hefur gengist við með andsvari og á fundi siðarnefndar 19. apríl 2023


Kærði er útilokuður frá starfi HRFÍ í 12 mánuði þar með talið frá þátttöku í sýningum félagsins, afhendingu ættbókaskírteina og þátttöku í trúnaðarstörfum félagsins veitt var refsilækkun þar sem langur biðtími var eftir úrskurði.

Úrskurðurinn gildir frá og með dagsetningu þessa bréfs að telja en að þeim tíma liðnum er kærði fullgildur félagsmaður á ný komi ekki til frekari ágreinings við HRFÍ

f.h. siðarnefndar



Arnheiður Runólfsdóttir



Sunna Birna Helgadóttir



Selma Olsen